

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2016, föstudaginn 22. apríl, var haldinn 360. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Guðmundur Geirdal og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 2 voru Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón H Sigurðsson frá pwc og Ólafur Kristinsson og Inga Björk Hjaltadóttir úr endurskoðunarnefnd SORPU bs.

Tekið fyrir:

1. Grænt bókhald árið 2015
Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu græns bókhalds fyrir árið 2015. Niðurstöður ræddar. Stjórn samþykkir grænt bókhald fyrir árið 2015 og undirritar.
2. Skýrsla pwc um innra eftirlit
Framkvæmdastjóri leggur fram skýrslu pwc um innri endurskoðun. Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón H. Sigurðsson frá pwc kynna forsendur og framkvæmd og kynna helstu niðurstöður. Bréf endurskoðunarnefndar sem Ólafur Kristinsson og Inga Björk Hjaltadóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU kynnt.
3. Fjárhagslegt áhættumat
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um fjárhagslega áhættustefnu SORPU. Málið rætt.
4. Uppgjör endurvinnslustöðva fyrir árið 2015
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir hugmyndir um fjárhagslegt uppgjör gagnvart sveitarfélögunum vegna reksturs endurvinnslustöðvanna árið 2015. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að kynna fjármálastjórum aðildarsveitarfélaganna stöðuna.
5. Endurskoðuð rekstraráætlun endurvinnslustöðvanna árið 2016
Framkvæmdastjóri kynnir verulega magnaukningu sem orðið hefur á endurvinnslustöðvunum frá áramótum og endurskoðaða rekstraráætlun endurvinnslustöðvanna vegna þessa. Ný áætlun gerir ráð fyrir að brúttókostnaður endurvinnslustöðvanna hækki um 20% frá fyrri áætlun fyrir árið 2016. Gera þarf sveitarfélögunum ljóst hver staðan er. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna málið fyrir eigendavettvangi og framkvæmdasviðum aðildarsveitarfélaganna.
6. Móttaka raf- og rafeindatækjaúrgangs á endurvinnslustöðvunum
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 18. apríl 2016 vegna móttöku raf- og rafeindaúrgangs á endurvinnslustöðvum SORPU. Málið rætt.
7. Útboð í Álfsnesi
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 18. apríl vegna samnings/útboðs á vinnu við móttöku og frágang úrgangs í Álfsnesi. Málið rætt Stjórn felur framkvæmdastjóra að framlengja samning við HJ Bíla til loka desember 2016. Framkvæmdastjóra falið að taka saman þá valkosti sem mögulegir eru með framhaldið.
8. Ofbeldi viðskiptavina gagnvart starfsmönnum SORPU á endurvinnslustöðvunum
Framkvæmdastjóri kynnir stjórn tvö atvik þar sem starfsmenn SORPU voru beittir ofbeldi og máttu sæta morðhótunum vegna innheimtu á gjaldskyldum úrgangi. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa innheimtureglur sem gildi þegar viðskiptavinir neiti að greiða.
9. Vorúthlutun Góða hirðisins
Skrifstofustjóri fer yfir niðurstöður verslunarstjórnar Góða hirðisins og kynnir stjórn styrkveitingar. Styrkirnir verða veittir í húsnæði Góða hirðisins á afmælisdegi SORPU næstkomandi þriðjudag kl. 10:30.

10. Val fulltrúa á aðalfund Metan ehf.
Aðalfundur Metan ehf. verður haldinn að loknum stjórnarfundum SORPU bs. Stjórn felur stjórnarformanni atkvæðisrétt á aðalfundinum
11. Aðalfundur og ársfundur SORPU bs.
Skv. eigendastefnu skal halda ársfund og aðalfund samlagsins í apríl ár hvert.
Framkvæmdstjóra falið að ræða við framkvæmastjóra SSH um sameiginlegan ársfund.
12. Lokaskýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál
Lögð fram til kynningar.
13. Bréf samkeppniseftirlitsins
Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins dagsett 14. apríl er varðar kvörtun Gámaþjónustunnar vegna ákvörðunar SORPU að afnema afslætti.
14. Næsti fundur stjórnar
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 20. maí klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 10:30

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson
Rósa Guðbjartsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Hjarðar

Jóna Sæmundsdóttir
Guðmundur Geirdal
Björn H. Halldórsson
Sigríður Björg Einarsdóttir

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir